

Alþingi
Erindi nr. P 127/126
komudagur 15.11.2001



Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
150 Reykjavík.

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 16. október 2001, þar sem óskað er eftir að Fjölskylduráð gefi álit sitt á frumvarpi til laga um tekjuskatt og eignarskatt o.fl., 114. mál, skatthlutföll, verðbólguleiðréttingar, einstaklingar í atvinnurekstri o.fl.

Fjölskylduráð fagnar áformum um að afnema tekjuskatt á húsaleigubætur. Sú aðgerð er tvímælalaust til hagsbóta fyrir tekjulitlar fjölskyldur og einstaklinga á húsaleigumarkaðnum. Þá fagnar Fjölskylduráð lækkun tekjuskattshlutfalls.

Fjölskylduráð telur nauðsynlegt að stjórnvöld láti sig sérstaklega varða velferð barnafjölskyldna og komi til móts við sérparfir þeirra, m.a. með aðgerðum á sviði skattamála. Fjölskylduráð telur að það vanti nægilega haldbæra vitneskju um tekju-, skulda- og eignastöðu barnafjölskyldna í heild, þannig að hægt sé að meta hvernig afkoma þeirra sé og byggja síðan aðgerðir í skattamálum á slíkum upplýsingum.

Fram kemur í Frétt (Þjóðhagsstofnun 12/2001) að umtalsverð tekjujöfnunaráhrif felist í skatta- og bótakerfinu, og að dreifing ráðstöfunartekna hjóna/sambýlissólks hafi orðið marktækt ójafnari síðustu árin. Einnig kemur fram að meðaltekjur eru mismunandi eftir landshlutum og þeir sem hafa hæstar og lægstar tekjur dreifast einnig með mismunandi hætti um landið. Fram kemur í fylgiskjali 2 með frumvarpinu að því er ætlað að miða að því að draga úr skattbyrði einstaklinga.

Fjölskylduráð leggur áherslu á að aðgerðir í skattamálum miðist við að bæta fjárhagsstöðu barnafjölskyldna.

Reykjavík 14. nóvember 2001

Nalq. Magnúsd
Fjölskylduráð

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
sími 530 2609, netfang fjolskyldurad@bvs.is